

veitingar fyrir alle um 100 kr. Einnig faust 3ja pela flaska með ca. $\frac{2}{3}$ af blönduðum spiritus í ofni í veitingastofu kærðs og þá faust líka kanna undan blönduðum spiritus. Að því er flöskuna snertir þá viðurkennir kærður að blandaður spiritus muni verið hafa í flöskunni, en hann heldur því fram, að hann hafi ekki hugmynd um þessa flösku. Einhver hafi án sinnar vitundar sett flöskuna inn í ofninn. Á þetta verður eigi fallist. Flaskan verður að teljast hafa fundist í vörslum kærðs, án þess að hann hafi gert grein fyrir áfenginu og ber því samkvæmt 11. gr. aðflutningsbannlaganna, að skoðast brotlegur gegn 1. gr.

Einnig faust hjá kærðum kanna undan spiritusblöndu. Kærði hefir að visu neitað, að kannan hafi verið undan spiritusblöndu, en 2 vitni hafa eiðfest, að kannan hafi lyktað af spiritus eins og flaskan. Verður þetta brot því að heimfæra á sama hátt og flöskuna samkvæmt fyrsögðu.

Brot kærðs, sem áður hefir sætt 3×5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir brot gegn 253. gr. refsilaganna og 400 kr. sekt í ríkissjóð fyrir brot á lögum nr. 15/1925, 1. gr. sbr. 13. og 18. gr., heyrir að áliti dómarsins undir 15. gr. laga nr. 21/1926 og 1. gr. laga nr. 15/1925 sbr. 11. gr. sömu laga og þykir refsingin hæfileg 600 kr. sekt í ríkissjóð, en verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa, komi í stað hennar 30 daga einfalt fangelsi.

Hið ólöglega áfengi sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferðin vítalaus.

Svo greiði og kærði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað og málskostnaðarlaun til Alfons Jónssonar með 10 kr.

Föstudaginn 18. nóv. 1927.

Nr. 52/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Martin Gindúllis (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. mars 1927: Kærði Martin Gindúllis á strax að greiða 12500 króna

sekt til Landhelgisjódó Íslands en sæta sjó mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Karlsburg“ B.X. 87 frá Bremerhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að mál þetta var dæmt í hjeraði hafa skipherrann og báðir stýrimennirnir á varðskipinu Ódinn að tilhlutun sækjanda og að viðstöddum verjanda gefið skýrslu í lögreglurjetti Reykjavíkur til skýringar og viðauka við skýrslu skipherrans 29. mars þ. á., er lögð var fram í lögreglurjetti Vestmannaeyja-kaupstaðar undir rekstri málsins þar.

Samkvæmt skýrslum þessum var varðskipið Ódinn þ. 28. mars þ. á. kl. 6,40 síðdegis eftir íslenskum tíma statt þvert af Stórhöfða á suðurleið frá Vestmannaeyjum í siglingarlínunni: Vesturkantur Elliðaeyjar vestur undan Bjarnarey. Sá varðskipið þá skip kærða suður af Súlnaskeri talsvert á stjórnborða með stefnu SSA og hlaut það eftir stefnu og fjarlægð að vera innan landhelgislinunnar. Varðskipið hjelt áfram leið sinni með sömu stefnu og var kl. 7 komið á miðið: Geirfuglasker yfir Súlnasker. Kl. 7,02 gaf varðskipið kærða merki um að nema staðar, en kærði skeytti því eigi nje heldur þremur viðvörðunarskotum, heldur hjelt hann áfram leiðar sinnar með óbreyttri stefnu í SSA þar til kl. 7,11, að hann sneri meira út eða í SV-læga stefnu. Kl. 7,17 nam kærði loks staðar eftir að varðskipið hafði skotið kúluskoti að skipi hans og var kærði með stjórnborðsvörpu í sjó, er varðskipið kom

þar að honum kl. 7,21. Staður sá, er kærði nam staðar á var af varðskipinu ákveðinn þannig: Hornið milli Geirfuglaskers og Dalfjalls $63^{\circ} 20'$ og Dalfjall yfir Suðurey, og er staður þessi 0,7 sjómílu utan landhelgislinunnar. Hefir skipherra varðskipisins sett framangreind mið og siglingaleiðir beggja skipanna út í sjókorti, er lagt hefir verið fram í hæstarjetti. Skipherra varðskipisins og báðir stýrimenn hans hafa borið það í lögreglurjetti Reykjavíkur, að varðskipið hafi sem næst allan tímann frá kl. 6,40 og þar til skip kærða var stöðvað siglt sömu stefnu, að skip kærða hafi allan þann tíma verið að sjá stjórnborðsmegin, að kærði hafi allan tímann frá kl. 6,40 til kl. 7,11 siglt í SSA-læga stefnu, en síðan beygt í SV, og að af þessu megi ráða með vissu, að kærði hafi eigi kastað botnvörpunni allan tímann meðan varðskipið athugaði hann.

Gegn framangreindum skýrslum skipherra varðskipisins og stýrimanna hans, sem eru embættisskýrslur og hafa sönnunargildi sem slíkar, fær skýrsla kærða eigi staðist. Kærði hefir viðurkent, að hann hafi verið 0,7 sjómílu utan landhelgislinunnar, er hann var stöðvaður og að hann hafi verið í landhelgi kl. 6,40 eftir íslenskum tíma, er varðskipið fyrst sá hann. En hann hefir neitað því, að hann hafi haft botnvörpuna úti. Hefir hann bæði í lögreglurjetti Vestmannaeyjakaupstaðar og í skýrslu, er hann síðar hefir sent og lögð hefir verið fram í hæstarjetti haldið því fram, að botnvörpunni hafi verið kastað um kl. 6,50 eftir íslenskum tíma og á miðinu: Elliðaey laus við Bjarnarey og Súlnasker í $NN^{-1/2}V$, og að hann þá hafi fyrst stefnt ANA, snúið síðan í ASA og þar eftir meir til suðurs, og giskar á að hann hafi farið með $2^{1/2}$ —3 sjómílna hraða á klukku-

stund. En þessi skýrsla getur ekki verið rjett þegar af þeirri ástæðu, að ef kærði hefði kastað vörpunni á þessu miði um hálfri klukkustund áður en hann var stöðvaður og siglt eftir stefnum þeim og með þeim hraða, er hann segir, þá hefði hann, er hann var stöðvaður eigi getað verið á þeim stað, sem raun gaf vitni um.

Svo sem sagt hefir verið var kærði stöðvaður með botnvörpuna í sjó 0,7 sjómilu utan landhelgislinunnar og þar sem það ennfremur er sannað með skýrslu varðsþipsins, að kærði næsta hálf tíma áður sigldi stöðugt með stefnu út úr landhelginni og kærði hefir viðurkent að hafa þá farið með $2\frac{1}{2}$ —3 sjómilna hraða á klukkustund, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi.

Hjéraðsdómarinn hefir því rjettilega heimfært brot kærða undir 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og með því að fallast verður á ákvæði lögreglurjettardómsins um sektarupphæðina, vararefsingu, upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn að niðurstöðu til, þó þannig að vararefsingin kemur til framkvæmda ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að vararefsingin kemur til framkvæmda, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Martin Gindúllis greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin mál-flutningslaun til sækjanda og verjanda, mál-flutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á Óðni, var kærði kl. 6,40 síðd. síðasliðinn mánudag á skipi sínu togaranum „Karlsburg“, B.X. 87 frá Bremerhaven, inni á landhelgissvæðinu suður af Súlna-skæri. Er þetta bygt á miðunum, er voru teknar frá Óðni, og af-stöðu togarans frá Óðni og sjáanlegri fjarlægð hans. Virtist hann vera að toga og halda í SSA. Þegar klukkan var 7,11 síðd. sneri togarinn meira út, eftir skýrslunni eða í SV-læga stefnu, en kl. 7,17 síðd. nam hann staðar og var þá samkvæmt horn-mælingum 0,7 sjómílu fyrir utan landhelgislinuna. Var hann með stjórnborðsvörpu í sjó.

Samkvæmt skýrslu hins kærða skipstjóra var hans úr 5—10 mínútur yfir átta þegar togarinn var stöðvaður umræddan dag og eftir því 48—53 mínútur á undan klukku Óðins. Einnig samkvæmt skýrslu kærða kastaði hann vörpu í sjó nokkru áður þegar hans úr var 7,40 síðd. eða klukka Óðins, þá 6,47—6,52. Viðurkennir kærði að hafa togað, þenna tíma þangaðtil hann var stöðvaður, en mótmælir því að hafa verið þá á landhelgis-svæðinu. Byggir hann það á miðunum stýrimanns síns þegar vörpunni var kastað og að enda þótt farið sje eftir mælingum frá Óðni, um staðinn, þar sem hann var stöðvaður, beri tími, og hraði, og stefna togarans, eftir að hann kastaði vörpunni, það ekki með sjer að hann hafi togað á landhelgissvæðinu. Það verður að álíta með öllu útilokað að kærði hafi verið þar kl. 7,40 eftir hans úri, er hann kastaði vörpunni, sem miðanir stýrimanns segja til um. Sá staður getur alls ekki komið heim við staðinn, þar sem hann var tekinn og skýrslu Óðins, og kærða sjálfs. Á þeim miðunum verður því ekkert bygt enda gefur vitnisburður kærða ástæðu til að telja miðanir stýrimanns nokkuð óvissar. Hinsvegar er upplýst með viðurkenning kærða á tíma þeim, er

hann kastaði vörpunni og miðun frá Óðni 10 mínútur áður, hraða skipsins og stefnu á því tímabili, að kærði hefir blotið að vera þá á landhelgissvæðinu, og ekki á þessum ca. 10 mínútum getað verið kominn út af því. Einnig verður að telja þessu til stuðnings, að samkvæmt uppgefnum stefnum togarans meðan hann togaði og hraða hans á meðan, var togarinn fyrir innan landhelgislinuna, er hann kastaði, samkvæmt staðasetningum 1. stýrimanns á Óðni á uppdrætti í rjettinum. Það verður því að telja að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar eð hjer er að ræða um fyrsta brot hans á þeim lögum og dagsgengi krónunnar er 81,65 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð 12500 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist strax, en afplánist með 7 — sjö — mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greid. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 23. nóv. 1927.

Nr. 71/1927. **Nathan & Olsen f. h. Carlsberg**
Bryggerierne (Magnús Guðmundsson)
 gegn

Jóhanni V. Danielssyni (Svbj. Jónsson).

Útaf umbúðum um öl.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1927:
 Stefndur Jóhann V. Danielsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans Nathan & Olsen f. h. firmans Carlsberg Bryggerier í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir hjer fyrir dómi gert þá kröfu til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða hon-